

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 10. október 2025

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020 (skýrslugjöf um kynbundinn launamun)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra frumvarpsdraga, sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 19. september sl. Drögin innihalda tvær megingintillögur um breytingar á því kerfi skýrslugjafar um kynbundinn launamun, sem núverandi löggjöf kveður á um.

- Í fyrsta lagi er horfið frá skyldu fyrirtækja til að innleiða jafnlaunakerfi sem standast kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og þess í stað sett á skylda til að skila til Jafnréttisstofu gögnum um starfaflokkun og launagreiningu, ásamt tímasettri áætlun um úrbætur, ef þörf er á. Samkvæmt drögunum má jafna þessari skýrslugjöf til jafnlaunastaðfestingar, sem samkvæmt núverandi löggjöf stendur fyrirtækjum með 25-50 starfsmenn til boða.
- Í öðru lagi er lagt til að stærðarmörk breytist og skyldan til skýrsluskila miðist við fyrirtæki með 50 starfsmenn eða fleiri, í stað þess að miða við 25 starfsmenn eins og í núverandi löggjöf.

I. Núverandi kerfi er dýrt og íþyngjandi

FA fagnar frumvarpsdrögunum, enda hefur félagið verið í hópi þeirra sem gagnrýnt hafa núverandi löggjöf og talið jafnlaunavottunina alltof íþyngjandi, tímafreka og kostnaðarsama fyrir minni og meðalstór fyrirtæki, án þess að rannsóknir hafi sýnt fram á bein tengsl jafnlaunavottunar og samdráttar í kynbundnum launamun. Um það efni vísast nánar til umsagnar félagsins til ráðuneytisins um lagasetningaráform dómsmálaráðherra, dags. 7. júlí sl.

FA er m.ö.o. sammála því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsdraganna, að innleiðing og vottun jafnlaunakerfa og viðhald vottunarinnar hefur reynzt kostnaðarsamt og óþarflega flókið, sérstaklega hjá minni fyrirtækjum. Þá hefur félagið bent á það sem einnig kemur fram í greinargerðinni, að jafnlaunastaðallinn er úreltur og hefur ekki verið uppfærður.

II. Gullhúðun á launagegnsæistilskipun ESB

Í lagasetningaráformum ráðuneytisins sl. sumar kom fram að launagegnsæistilskipun Evrópusambandsins nr. 2023/970 yrði höfð til hliðsjónar við breytingar á lögum, en vænta má þess að hún verði tekin upp í EES-samninginn og innleidd hér á landi. Aðeins er lauslega fjallað um tilskipunina í greinargerð frumvarpsdraganna og tekið fram að þau séu í samræmi við kröfur tilskipunarinnar að miklu leyti. Í tilskipuninni er miðað við að fyrirtæki með 100 starfsmenn eða fleiri séu skyldug að veita launaupplýsingar.

FA ítrekar það sem félagið benti á í umsögn sinni um lagasetningaráformin, að með því að setja viðmiðið um skyldu til skýrsluskila lægra en í tilskipuninni, þ.e. við fyrirtæki og stofnanir með 50 starfsmenn og fleiri, í stað þess að miða við 100 starfsmenn, er verið að „gullhúða“ tilskipunina. Með því er sköpuð sú hættu að íslensk fyrirtæki búi að þessu leyti við strangari kröfur og meira íþyngjandi

regluverk en fyrirtæki af sömu stærð í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Slík gullhúðun skerðir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Félagið rifjar upp að í skýrslu hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar, sem vísað er til í greinargerð frumvarpsdraganna, er lögð áherzla á að fjarlægja gullhúðun úr íslensku regluverki. „Meginregla verði að ekki verði gengið lengra en lágmarkskröfur viðkomandi Evrópugerðar kveða á um nema í undantekningartilvikum, t.d. ef það væri í þágu íslenskra hagsmuna og drægi úr reglubyrði atvinnulífsins,“ segir í skýrslu hópsins.

FA leggur eindregið til að í frumvarpinu verði miðað við 100 starfsmanna markið, í stað 50.

FA bendir á að með því að fara þá leið ætti líka umtalsverður rekstrarkostnaður að sparast hjá ríkinu, þar sem Jafnréttisstofa þyrfti þá færri starfsfólk til að taka við og yfirfara skýrslur um launaupplýsingar. Eins og félagið hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á (og hagræðingarhópurinn vitnaði sérstaklega til), þýðir þyngra eftirlit með fyrirtækjum líka fleiri ríkisstarfsmenn og dýrari stjórnsýslu.

III. Ófullkomið áhrifamat

FA tekur undir það sem segir í greinargerð frumvarpsdraganna um mat á áhrifum, að þeim ætti að fylgja sparnaður bæði fyrir atvinnulífið og opinberar stofnanir. FA saknar þess hins vegar að gerður sé ýtarlegri, kerfisbundinn samanburður á núverandi ferli jafnlaunavottunar og því kerfi, sem lagt er til í frumvarpinu og reynt að meta muninn á vinnu og kostnaði hjá t.d. fyrirtækjum eða stofnunum í 2-3 stærðarflokkum. Það myndi gefa gleggri mynd af þeim raunverulega sparnaði, sem nýtt kerfi hefði í för með sér.

Þá þykir FA vanta í matið hver áhrifin verða á verkefni og mannskapsþörf Jafnréttisstofu, m.a. í ljósi þess sem áður segir um áhrif þess að miða stærðarmörk í frumvarpinu við 100 starfsmenn í stað 50.

IV. Að lokum

FA fagnar því að ráðuneytið leggi til við Alþingi að afleggja jafnlaunavottun í núverandi mynd og hækka stærðarmörk á skyldu til skýrslugjafar um launamál. Félagið ítrekar þá eindregnu tillögu sína að í frumvarpi því, sem lagt verður fyrir þingið, verði miðað við 100 starfsmenn eða fleiri, í stað 50 eins og í drögunum.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með ráðuneytinu vegna málsins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA